Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 14. október 2026
**2609474**/005.05 KJ

**Svar við tillögu bæjarfulltrúa Eydísar Ingu Valsdóttur og varabæjarfulltrúa Orra Thors Eggertssonar um forgangsröðun aðgerða vegna Kópavogslækjar.**

Vísað er í fyrra svar vegna fyrirspurnar um Kópavogslæk undir máli 26061712, dags. 13. ágúst 2026. Þar var gerð grein fyrir fyrirliggjandi rannsóknum og vöktun, aðgerðum til að rekja mögulegar mengunaruppsprettur, eftirliti með vatnsgæðum og þeim úrbótaaðgerðum sem eru til skoðunar eða undirbúnings. Í því svari kemur m.a. fram að leitað er eftir rangtengingum í fráveitukerfum og gripið til úrbóta þegar þær finnast. Jafnframt er unnið markvisst að því að auka þekkingu á mengunarálagi og mögulegum uppruna mengunar með rannsóknum og vöktun.

Þátttaka Kópavogsbæjar í LIFE Icewater verkefninu er mikilvægur hluti þeirrar vinnu og er í sjálfu sér aðgerðaráætlun bæjarins í að auka vatnsgæðin í Kópavogslæk. Verkefnið styður við innleiðingu vatnaáætlunar og markmið um bætt vatnsgæði og felur m.a. í sér rannsóknir, vöktun og undirbúning aðgerða til að draga úr mengunarálagi á Kópavogslæk. Fjármagn hefur fengist í gegnum verkefnið til undirbúnings og framkvæmda aðgerða og þar eru m.a. fyrirhugaðar settjarnir þegar í skoðun, þvert á umhverfissviði Kópavogsbæjar. Staðsetning og útfærsla slíkra mannvirkja þarf að meta með það að markmiði að ná sem bestum árangri við hreinsun ofanvatns.

Með vísan til framangreinds telur umhverfissvið að þegar hafi verið gerð grein fyrir meginatriðum tillögunnar hvað varðar stöðu Kópavogslækjar, rannsóknir og vöktun, fyrirhugaðar úrbætur og nauðsynlega skipulagsvinnu. Vinnan heldur áfram innan þeirra verkefna og ferla sem þegar eru í gangi, einkum á vettvangi LIFE Icewater verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Karen Jónasdóttir
Verkefnastjóri

Rafræn skilríki

Undirritað af: Karen Jónasdóttir

Tími: 15.10.2026 16:29
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign